



Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans við Hamrahlíð

Skólaárið 2020-2021



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Lýsing á starfsemi	2
2.1	Nemendur	2
2.1.1	Útskriftarnemar	3
2.1.2	Listdansskólarnir.....	3
2.1.3	Námstími nemenda	4
2.2	Starfsfólk.....	6
2.2.1	Mannabreytingar.....	6
2.2.2	Starfsánægja í MH	6
2.3	Húsnæði og aðbúnaður	7
2.3.1	Skrifstofa skólans.....	8
2.3.2	Bókasafnið	8
2.3.3	Matsalan Sómalía	8
2.4	Kennslustundir og áfangar	8
2.4.1	Áfangaframboð.....	9
2.5	Kennslukerfið Inna.....	9
2.6	Fjármál.....	9
2.7	Kennslukannanir.....	10
2.8	Nýnemar	11
2.8.1	Grunnskólæinkunnir	13
2.8.2	Samanburður á grunnskólæinkunn og einkunnum haust 2020 í áföngum í MH	14
2.9	Námsbrautir.....	16
2.9.1	IB-braut.....	17
2.9.2	Kjörgreinar á opinni braut	18
2.10	Stöðumat	18
2.11	Náms- og starfsráðgjöf	19
2.11.1	Almennt um skólaárið hjá náms- og starfsráðgjöfum	19
2.11.2	Áfanginn STUÐ1AB01.	19
2.11.3	Sérúrræði.....	20
2.11.4	Kynningar fyrir grunnskólanema	20
2.12	Námsverið	21
2.13	Sálfræðingur	21

2.14	Umhverfismál	22
2.15	Tölvumál	23
2.16	Skjalamál.....	23
2.17	Heimasíða	24
2.18	Jafnréttismál.....	24
2.18.1	Jafnlaunavottun.....	26
2.19	Heilsueflandi framhaldsskóli	26
3	Covid-19 veturinn 2020-2021.....	26
3.1	Haustönn 2020	26
3.2	Vorönn 2021.....	27
4	Samantekt og umbætur	28
4.1	Verkefni skólaársins 2020-2021	28
4.2	Verkefni skólaársins 2021-2022	29

1 Inngangur

Menntaskólinn við Hamrahlíð er rótgróinn skóli, byggður upp af kraftmiklu starfsfólki og nemendum. Skólinn hefur starfað sem áfangaskóli frá 1972 og var fyrirmynd margra annarra framhaldsskóla sem tóku upp áfangakerfi. Við skólann starfa u.þ.b. 120 starfsmenn og nemendur eru rúmlega 1100. Brautir skólans eru 6 auk IB-alþjóðlegrar námsbrautar og fjölnámsbrautar. Fjölmennasta námsbrautin er opin braut með um 500 nemendur og náttúrufræðibraut fylgir á eftir með tæplega 200 nemendur. Á opinni braut velja nemendur sér sjálfir kjörgreinar. Þeir hafa frelsi til að hanna brautina eftir sínu áhugsviði, innan ákveðins ramma, sem hæfir undirbúningi þeirra fyrir frekara nám. Nám á listdansbraut og í tónlist er kennt í samstarfi við listdanskóla og tónlistarskóla. Haustið 2020 var hætt að innrita nemendur á sérstaka tónlistarbraut en áhugasömum tónlistarnemendum bent á opna braut með tónlist sem kjörgrein. MH er í samstarfi við Menntaskólann í tónlist en nemendur hans sækja almennt bóklegt nám í MH. Listdansbrautin var samþykkt 2020 en fyrirkomulag listdansnáms er enn í endurskoðun hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Áfangar skólans eru í stöðugri endurskoðun og þróun og fjölbreytni er mikil. Stytting náms til stúdentsprófs hefur í för með sér að fylgjast þarf vel með áfangaframboði, t.d. er nauðsynlegt að halda inni efri áföngum í tungumálum og raungreinum. Fjöldmörg tungumál eru kennd við skólann og fjöldi áfanga í hverju tungumáli hefur skapað skólanum sérstöðu og laðað að fjölbreyttan hóp nemenda. Að undanfögnu hefur verið erfiðara að fá nemendur til að taka efri áfanga í tungumálum og valáfanga í raungreinum og er það áhyggjuefni. Líkleg ástæða er að margir reyna að ljúka náminu á þremur árum, frekar en þremur og hálfu eða fjórum. Stór hópur nemenda kys þó að útskrifast með fleiri einingar en nauðsynlegt er til að vera betur undirbúinn fyrir frekara nám á háskólastigi.

Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, almennar umræður á fundum kennara og starfsmanna, kannanir, skýrslur og úttektir. Að sjálfsmatinu koma margir aðilar innan skólans s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, skjalastjóri og annað starfsfólk. Umsjón með sjálfsmati hefur konrektor.

Helstu áhersluatriði þessarar skýrslu, fyrir utan hefðbundnar upplýsingar, sem nær yfir skólaárið 2020-2021 eru:

- Starfsfólk
 - Jafnlaunavottun – viðhald kerfisins
 - Ýmiss konar fræðsla
- Umhverfismál
 - Græn skref
- Húsnæði
 - Ný myndlistarstofa
 - Nýtt námsver
- COVID-19
 - Viðbrögð og úrvinnsla
 - Kennslan
 - Inna
 - Teams
 - Zoom
- Viðbragðsáætlun
 - Covid-19
 - Sprengjuhótun
 - Jarðskjálftar
- Heimasíða
 - Viðhald heimasíðu
- Inna og upplýsingaflæði til nemenda

- Notkun Innu og endurbætur
- Átak í kynningarmálum
 - Grunnskólakynningar vor 2021


2 Lýsing á starfsemi

Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*.


Hlutverk skólans er, samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. framhaldsskólalögum frá 2008 og aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut, tónlistarbraut, listdansbraut og fjölnámsbraut. Að auki er boðið upp á IB-nám samkvæmt sérstakri námskrá *International Baccalaureate Organisation*, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Einingafjöldi á flestum brautum skólans er 205 einingar. Upplýsingar um skipulag þessara brauta má finna á vef skólans. Allir nemendur skólans stunda nám skv. framhaldsskólalögum frá 2008.

2.1 Nemendur

Í byrjun september 2020 var nemendafjöldi í MH 1148. Þar af voru 241 nýnemi og 37 innritaðir. Nemendur með stöðuna „innritaður“ eru eldri nýnemar sem koma úr öðrum skólum en ekki beint úr grunnskóla. Í byrjun janúar 2021 var nemendafjöldinn 1022 og þar af voru 27 innritaðir. Umsóknnum nemenda á vorönn hefur fækkað undanfarin ár og má rekja það til minni færslu á milli skóla vegna styttingar náms til stúdentsprófs. Haustið 2021 lítur út fyrir að eldri nýnemum fjölgi mikið frá því sem áður var, fjöldi þeirra gæti tvöfaldast miðað við haustið 2020.




Mynd 1 Vinnumat kennara miðast við nemendafjölda 3 vikum eftir að kennsla hefst.



Mynd 2 Nýnenum á vorönn hefur fækkað undanfarin ár og vorið 2020 hófu einungis 27 nemendur nám í MH.

2.1.1 Útskriftarnemar

Útskrifaðir stúdentar á skólaárinu 2020-2021 voru alls 313. Haustið 2020 útskrifuðust 116 nýstúdentar og 197 í maí 2021.



Mynd 3 Munur á fjölda útskrifaðra nemenda á milli haustanna og voranna virðist fara minnkandi.

2.1.2 Listdansskólarnir

Menntaskólinn við Hamrahlíð er kjarnaskóli fyrir listdans og sér um skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla landsins. Þrjú listdansskólar eru í þessu samstarfi.


	Haust 2020			Vor 2021		
	Fjöldi nemenda	Fjöldi eininga	Einingar / nem	Fjöldi nemenda	Fjöldi eininga	Einingar / nem
Listdansskóli Íslands	27	328	12	26	366	14
Listdansskóli JSB	31	343	11	29	544	19
Klassíski listdansskólinn	24	288	12	20	322	16

Skólaárið 2020-2021 voru skráðar einingar frá Listdansskóla Íslands hjá 27 nemendum að hausti og 26 að vori. Frá Listdansskóla JSB voru skráðar einingar hjá 31 nemenda að hausti og 29 að vori. Frá Klassíska listdansskólanum voru skráðar einingar hjá 24 að hausti og 20 að vori.

Vor 2021	Fjöldi nemenda alls frá listdanskólunum	Alls í MH	Listdansbraut í MH	Fjöldi í öðrum framhaldsskólum
Listdansskóli Íslands	26	16	15	10
Listdansskóli JSB	30	17	10	13
Klassíski listdanskólinn	20	12	5	8
Samtals	76	45	30	31

Nemendur sem stunda nám í listdanskólunum dreifast á marga framhaldsskóla. Í MH eru 45 nemendur sem stunda nám í listdansi og af þeim voru 30 skráðir á listdansbraut vorið 2021 eða tæplega 70%.

Haustið 2020 hittum við í MH fulltrúa Klassíska listdanskólans í því skyni að vinna saman að gerð stundatöflu fyrir nýnema sem voru skráðir hjá þeim. Sama var gert í byrjun desember með stundatöflu vorannar. Þessi vinna skilaði vonandi einhverjum nemendum betri stundatöflu en það er ekki auðvelt að raða þessu saman. Nemendur dreifast á marga framhaldsskóla og það sem hentar einum skóla gengur ekki í öðrum.



Mynd 4 Meðalfjöldi eininga sem nemendur listdanskólanna taka á hverri önn er misjafn.


2.1.2.1 Sumarskóli

Sumarið 2020 bauð Klassíski listdanskólinn upp á sumarskóla til að reyna að koma til móts við nemendur vegna Covid-19. Alls stunduðu 34 nemendur nám í sumarskólanum og 11 áfangar voru í boði. 20 nemendur tóku fleiri en einn áfanga. Klassíski listdanskólinn hélt einnig úti sumarskóla sumarið 2021 með 11 áföngum. Sami fjöldi, 34 nemendur, skráði sig til leiks og 5 nemendur stunduðu nám í fleiri en einum áfanga. Allir áfangarnir passa inn á listdansbrautina í MH.

Listdansskóli JSB starfrækti einnig sumarskóla sumarið 2021. Í boði voru 2 einnar einingar áfangar. Alls 17 nemendur stunduðu þar nám og 8 þeirra voru í báðum áföngunum. Hvorugur áfanginn passar inn á listdansbrautina í MH og voru þeir hugsaðir sem valáfangar.


2.1.3 Námstími nemenda

Fjöldi eininga til stúdentsprófs er 205 einingar á flestum brautum. Eitt af markmiðum skólans er að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi á þremur árum frá innritun í MH, haustið eftir námslok grunnskóla. Í útskriftarhópnum vorið 2021 voru 45% nemenda 19 ára og luku þar með náminu á 3 árum. Hins vegar voru 12% orðin 20 ára. Áfram verður fylgst með námstíma nemenda og hann einnig skoðaður út frá fjölda anna sem nemendur taka í MH.



Mynd 5 Vorið 2021 voru um 85% nýstúdentar 18 eða 19 ára.


Ef skoðaður er fjöldi ára sem nemendur eru í MH þá sést að 57,5% stúdentar vorsins 2021 luku námi sínu í MH á 3 árum eða minna. Þessi tala er komin upp í 91% ef skoðaður er námstíminn 4 ár eða minna.



Mynd 6 Þótt það sé markmið að fjölga þeim sem ljúka stúdentsprófi á 3 árum þá velja sumir nemendur að vera lengur til að undirbúa sig betur undir framhaldsnám og við fögnum því.

2.1.3.1 Loknar einingar

Nemendur á bóknámsbrautum skólans ljúka að meðaltali 26 til 30 einingum á önn. Nemendur allra brauta nema IB-brautarinnar geta ráðið hversu marga áfanga þeir taka hverju sinni og geta hætt í áföngum á miðri önn. Þannig geta þau ráðið álaginu sjálf en til að ná að útskrifast á 3 árum þurfa nemendur að taka rúmlega 34 einingar á önn og tæplega 30 til að klára á þremur og hálfu ári. Nemendur á listdansbraut luku að meðaltali 26 einingum á haustönn 2020 og nemendur á tónlistarbraut 29 einingum. Auk þess taka þessir nemendur stóran hluta síns náms utan MH í samvinnu við tónlistarskóla og listdanskóla. Í stefnu skólans er viðmið um að nemendur ljúki a.m.k. 30 einingum á önn.



Mynd 7 Meðaleiningafjöldinn er hæstur á IB-braut þar sem nemendur eru í bekkjarkerfi og sveigjanleikinn því mun minni en á öðrum brautum.

Nemendur teljast með fulla stundatöflu ef þeir hafa 36 einingar í töflu, þ.e. stunda nám í 7 bóknámsáföngum og einum líkamsræktaráfanga. Til að ljúka námi á þremur árum þarf að taka að meðaltali 34,2 einingar á önn.

2.2 Starfsfólk

Við skólann starfa 80 til 90 kennarar á hverri önn, 3 yfirstjórnendur (rektor, konrektor og áfangastjóri), 1 fjármálastjóri, 3 námstjórar (sem jafnframt eru kennarar), 1 deildarstjóri fjölnámsbrautar, 1 sérkennari á fjölnámsbraut, 1 deildarstjóri IB-náms, 3 náms- og starfsráðgjafar í tæpum 3 stöðugildum, 1 sálfræðingur, 2 sérkennarar / táknaálmástúlkar, 2 bókasafns- og upplýsingafræðingar, 2 starfsmenn á skrifstofu í 1,5 stöðugildi, 1,5 kerfis- og tækjastjóri, 1,5 húsvörður, 0,6 skjalastjóri, 0,2 persónuverndarfulltrúi og 10-12 ræstitækna. Heildarfjöldi starfsmanna er að jafnaði um 120.

2.2.1 Mannabreytingar

Nýr deildarstjóri fjölnámsbrautar tók við haustið 2020. Samhliða því var fjölnámsbrautin samþykkt í námskrárgrunninum og hafist handa við að skrá allt nám nemenda brautarinnar í Innu. Mikil vinna felst í því að koma ferlum eldri nemenda inn í Innu. Byrjað var á þeim sem útskrifuðust vorið 2021 og var allt þeirra nám skráð í Innu á matsönn 2021. Miklu skiptir að ferlar nemenda séu aðgengilegir í Innu, það auðveldar t.d. nemendum að stunda áframhaldandi nám í öðrum skólum. Nafni fjölnámsbrautar var breytt haustið 2020 úr sérnámsbraut í fjölnámsbraut og skammstöfun að sama skapi úr SÉR í FJÖ.

2.2.2 Starfsánægja í MH

Eitt af markmiðum MH er að auka starfsánægju starfsmanna. Þau gögn sem einkum eru lögð til grundvallar í því efni er könnunin Stofnun ársins sem lögð er fyrir á hverju hausti og starfsmannasamtöl.

Starfsmannasamtöl hafa farið fram í kjölfar kennslukannana undanfarin ár. Árið 2020 voru hins vegar engar kennslukannanir gerðar þar sem Covid-19 hafið mikil áhrif á allt skólastarfið. Vorið 2021 var gerð kennslukönnun í stærðfræði, raungreinum, erlendum tungumálum og í líkamsrækt. Í kjölfarið

var kennurum boðið upp á að koma í starfsmannaviðtal og nokkrir þáðu það. Gert er ráð fyrir að halda áfram með viðtölin á haustönn 2021.

Skólinn reynir að gleðja starfsfólk öðru hverju með gjöfum af einhverju tagi. Páskaegg voru gefin um páskana og er sú hefð nú orðin föst í sessi. Á vordögum fengu allir starfsmenn buff með merki skólans en fyrir átti starfsfólk merktan vatnsbrúsa.

Starfsfólk skólans fékk fræðslu frá nemendum skólans um notkun hugtaka í tengslum við kynsegin nemendur og tókst sú kynning vel. Mikil vakning er hjá nemendum um stöðu sína og viljum við gera okkar besta til að koma til móts við mismunandi þarfir þeirra.

Á starfsdögum í maí 2021 var boðið upp á fræðslu um ADHD, raddbeitingu og raddheilsu og líkamsbeitingu í vinnu. Einnig var fræðsluerindi um markmiðssetningu, heilsu og gott heilsufar.

Starfsfólk getur sótt um samgöngustyrk og líkamsræktarstyrk til skólans og nýtir fjöldi starfsmanna sér þessa styrki. Tæplega 30 sóttu um samgöngustyrk og um það bil 50 um líkamsræktarstyrk.

Ofangreindar aðgerðir miða að því að auka starfsánægju, bæta og efla starfsaðstöðu og auka samstarf.

2.3 Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38, þar með talið kennslueldhús og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd í hátíðarsal skólans sem nefnist Mikligarður. Í nýrri byggingunni eru auk þess þrír misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Aðgengi fyrir fatlaða/hreyfihamlaða er gott í skólanum, bæði að kennslustofum og almennum rýmum. Lyftur sem nemendur og starfsfólk hefur aðgang að eru á tveimur stöðum og skábrautir þar sem við á.

Stofunýting er mjög góð. Erfitt er finna lausar kennslustofur á kennslutíma þar sem stofur eru oftast allar uppteknar til kl. 16:00 á daginn. Skák- og norsku- og sænskukennsla fer fram eftir kl. 16:00 og einnig hafa listdanskólarnir nýtt kennslurými eftir að hefðbundinni kennslu lýkur. Nemendafélagið og nemendur nýta stofur skólans fyrir ákveðna starfsemi að fengnu leyfi sem sótt er um á skrifstofu. Norðurkjallari er í umsjón Nemendafélagsins og er hann nýttur í ýmsa viðburði tengda félagslífi nemenda.

Á hverju ári er gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að bæta aðbúnað og vinnuaðstöðu nemenda og starfsfólks. Stöðugt er unnið að viðhaldi húsnæðisins og endurnýjun húsgagna. Í maí 2019 fór af stað vinna við umbætur í MH í samvinnu við arkitekt skólans og arkitektastofu hans, Hornsteina, og Fasteignir ríkisins. Löngu var tímabært að lagfæra margt innanhúss og annað hafði aldrei almennilega verið klárað. Haustið 2020 lauk framkvæmdum við salerni nemenda á Matgarði og í Undirheimum og tengigangi var bætt við milli salerna og Norðurkjallara. Myndlistarstofan var flutt á efri hæð skólans í stóra og bjarta kennslustofu (áður stofa 29) sem gjörbreytti aðstöðu til myndlistarkennslu. Námsver skólans var stækkað þannig að þar er nú hægt að taka á móti fleiri nemendum en áður. Einnig stendur til að endurnýja húsgögn í námsveri.

Rafhleðslustöðvar eru fyrir utan skólann. Nýting þeirra hefur verið góð og geta nágrannar skólans nýtt þær utan starfstíma skólans. Búið er að undirbúa fjölgun stöðva og verður hægt að hlaða allt að 10 bíla í náginni framtíð.

Vinnuaðstaða kennara í kennslustofum hefur verið bætt. Upphækkanleg skrifborð hafa verið sett í allar kennslustofur í eldra húsnæði skólans og í ágúst 2020 fengu nokkrar kennslustofur ný húsgögn

fyrir nemendur, há borð og upphækkanlega stóla. Á næstu fjórum árum verða húsgögn í kennslustofum í eldri hluta skólans endurnýjuð.

2.3.1 Skrifstofa skólans

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá klukkan 8.30 til 12.00 og frá 12.30 til 15.30.

Starfið á skrifstofu skólans felst að miklu leyti í því að svara erindum sem berast í tölvupósti eða gegnum síma. Mörg þessara erinda snúast um að bæði fyrrverandi og núverandi nemendur óska eftir afritum af stimpluðum og undirrituðum gögnum. Þessi gögn eru aðallega afrit af stúdentsprófsskírteinum á íslensku og ensku sem til eru á báðum tungumálum. Einnig er beðið um áfangalýsingar, sem eru oftast til, en ef ekki eru viðkomandi námstjórar beðnir um að útbúa þær. Mikið er um að nemendur, bæði núverandi og fyrrverandi, óski eftir staðfestingu á skólavist. Þær er hægt að nálgast á fljótlegan og þægilegan hátt í Innu á íslensku. Hins vegar þarf að útbúa staðfestingu á ensku sérstaklega fyrir hvern og einn og það getur verið tímafrekt. Það væri til bóta ef hægt væri að nálgast enska útgáfu staðfestingar á skólavist í Innu á sama hátt og íslensku útgáfuna.

2.3.2 Bókasafnið


Nemendur skólans geta fengið vinnu á bókasafninu þegar þeir eru með eyður í stundatöflu. Það eru oftast 12-13 nemendur sem skipta á milli sín 40 stundum á viku, en þetta skólaárið voru það 10 nemendur. Útlán voru samtals 3200 sem er mikil breyting frá því að vera tæp 7000 árið á undan og 9000 árið þar á undan. Covid-19 ástandið hefur þarna haft mikil áhrif enda aðgangur nemenda að safninu mjög takmarkaður í lengri tíma.

2.3.3 Matsalan Sómalía

Í matsölu nemenda, Sómalíu, er matsölustjóri í 100% starfi og aðstoðarkona í 40% starfi. Haustið 2020 var Sómalía lokuð vegna Covid-19. Vorið 2021 opnaði Sómalía í byrjun febrúar og var opin út önnina. Vorið 2021 störfuðu 5 nemendur í Sómalíu en í venjulegu árferði starfa um 20 nemendur þar með náminu.

2.4 Kennslustundir og áfangar

Áfangaframboð í skólanum hefur verið svipað síðustu árin hvað viðkemur fjölda áfanga. Áfangaframboð er auglýst í október og mars í tengslum við val nemenda og þegar niðurstöður vals liggja fyrir er ákveðið hvaða áfanga skuli kenna á komandi önn. Á hverri önn eru oftast einn eða fleiri nýir áfangar í boði og eldri áfangar eru látnir skiptast á milli anna. Verið er að vinna að því að setja upp skýrari mynd af því hvaða áfangar eru kenndir á hverri önn og hvaða áfangar eru eingöngu kenndir á haustin eða eingöngu kenndir á vorin. Upplýsingar um áfangaframboð hverju sinni má finna á heimasíðu skólans.



Mynd 8 Í sumum hópum geta verið einungis 2 eða 3 nemendur og eru það aðallega IB-hópar.

2.4.1 Áfangaframboð

Á hverri önn er gerð könnun á því hvaða áfanga nemendur vilja taka önnina á eftir. Fyrir haustönn 2021 voru 175 áfangar í boði sem kenndir eru á íslensku. Þegar niðurstöður vals nemenda lágu fyrir, vorið 2021, kom í ljós að hætta varð við að kenna 13 þeirra. Því eru alls 162 áfangar kenndir á haustönn 2021 í almennu námi í MH.

2.5 Kennslukerfið Inna

Kennslukerfið Inna er í stöðugri þróun. Á vegum fyrirtækisins Advania eru starfræktir stýrihópar með kennurum og starfsfólki úr framhaldsskólum landsins. MH á fulltrúa í stýrihópi sem hefur það að markmiði að veita Advania upplýsingar um hvernig ákveðin mál snúa að skólarekstrinum. MH á einnig fulltrúa í stýrihópi tengdum stjórnunarhluta Innu og annan í stýrihópi tengdum námshluta Innu.


Á starfsdögum í vor var rætt um þýðingu Innu og mikilvægi þess að allar upplýsingar væru til staðar í Innu fyrir nemendur, foreldra, kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnendur skólans. Ef hægt er að ganga að því vísu að allar upplýsingar finnast í Innu þá er fljótlegri að leysa ýmis vandamál sem koma upp tengd námi nemenda.

2.6 Fjármál

Fjárhagsstaða skólans er góð og vel innan marka fjárheimilda fyrir árið 2020.

Á árinu 2020 voru heildarútgjöld skólans um 1.770,7 milljónir króna sem var um 18,6 millj. kr. minna en nam fjárveitingum og tekjum. Því batnaði rekstrarstaða skólans á árinu sem nemur þeirri fjárhæð og er hrein eign skólans í árslok 64,2 milljónir króna.

Tekjur	- 1.789.311.629
Gjöld	1.770.712.314
Afgangur	- 18.599.315



Fjárfestingar á árinu 2020 námu samtals 21 milljón króna. Þær fólust einkum í endurnýjun á húsgögnum í kennslustofum, um 16 millj. kr. og tölvubúnaði, um 5 milljónir króna.

Góð rekstrarstaða hefur gefið skólanum tækifæri til að endurnýja húsbúnað og tæki inni í kennslustofum sem er jákvætt fyrir skólastarfið. Á næstu fjórum árum er stefnt að því að endurnýja öll borð og stóla í kennslustofum í eldri hluta skólans.


2.7 Kennslukannanir

Kennslukannanir eru framkvæmdar á hverri önn og er þeim skipt eftir deildum. Flestar námsgreinar gangast undir kennslukannanir á þriggja anna fresti. Markmiðið er að fá endurgjöf frá nemendum um það sem vel er gert og hvað má betur fara. Nemendur eru hvattir til að koma með uppbyggilega gagnrýni eins og við á en ekki síður hrósa fyrir það sem vel er gert. Kannanirnar eru framkvæmdar í Innu og eru þær lagðar fyrir þegar u.þ.b. 3 vikur eru eftir af kennslu viðkomandi annar. Matinu er skipt upp í eftirfarandi flokka: Áfanginn (5 sp.), nemandinn (3 sp.), kennslan (4 sp.) og kennarinn (3 sp.). Allir kennarar fá niðurstöður birtar í Innu auk þess sem samantekt er dreift á hvern og einn kennara þar sem koma fram meðaleinkunnir eftir kennslu- og kennaraspurningum. Í starfsmannaviðtölum er farið yfir kannanirnar eins og hæfir hverju sinni en kennarar velja þeim mismikið fyrir sér. Auðvitað eru þær ekki besta mat á áfanga eða kennslu en þær ættu að vera vísbending um það sem vel er gert og einnig ef eitthvað má bæta. Gerðar eru kannanir í IB-náminu samhliða en þær eru ekki teknar með hér.

2018V	99	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar
2018H	72	Raungreinar og stærðfræði
2019V	87	Erlend tungumál
2019H	132	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar og íþróttir
2020V		Engar kennslukannanir voru gerðar í Innu vegna aðstæðna í COVID-19
2020H		Engar kennslukannanir voru gerðar í Innu vegna aðstæðna í COVID-19
2021V		Kennslukönnun var gerð í raungreinum og stærðfræði, erlendum tungumálum og íþróttum

Þátttaka nemenda í kennslukönnunum hefur að okkar mati ekki verið nógu mikil en vorið 2021 tóku fleiri þátt en hafa gert það hingað til.

Vor 2021			
	Fjöldi nemenda	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Tungumál	1401	953	68,0%
Raungreinar og stærðfræði	1204	809	67,2%
Líkamsrækt	649	398	61,3%
Meðal svarhlutfall			65,5%




Mynd 9 Meðaltal svarhlutfalls allra kannana vorið 2021 er 65,5% sem er mun hærra en verið hefur.

Í kjölfar kennslukönnunar var kennurum boðið upp á að koma í starfsmannaviðtal og voru nokkrir sem þáðu það strax en aðrir munu koma í viðtal haustið 2021.

2.8 Nýnemar

Haustið 2020 hófu 278 nýir nemendur fullt nám í MH og haustið 2021 er gert ráð fyrir 330 nýjum nemendum í fullt nám, þ.e. 260 nýnemum beint úr grunnskóla og 70 eldri nýnemum úr öðrum skólum. Inni í þessum tölum eru ekki nemendur frá MÍT og ekki nemendur sem koma í skólann vegna sænsku eða norsku en þeir geta verið um 60 til 70 talsins.




Mynd 10 Nýnemar í MH eru nemendur sem koma beint úr 10. bekk og innritaðir eru nemendur sem koma úr öðrum framhaldsskólum.


Nýnemar á hverju hausti eru settir í lífsleikniáfanga og næstu þrjár annir á eftir er kennarinn sem kenndi þeim lífsleikni umsjónarkennari þeirra. Umsjónarkennarinn fylgist með námsframvindu, veitir upplýsingar og er nemendum til aðstoðar á meðan á námi stendur. Umsjónarkennarinn getur kallað nemandann til sín í viðtal þegar þörf er á og einnig er nemendum gert kleift að hitta hann í sérstökum valtíma áður en eiginlegt val áfanga næstu annar hefst. Fyrirhugað er að umsjónarkennarar bjóði upp á regluleg viðtöl. Ekki hefur tekist að koma því í kring enn þá, einkum vegna takmarkana af völdum Covid-19 en faraldurinn setti stórt strik í allar nýjungar haustið 2020.

Haustið 2020 voru nýnemar boðaðir tvisvar í skólann áður en eldri nemendur mættu. Þeir hittu umsjónarkennarann sinn, skólinn var kynntur vel fyrir þeim og farið var yfir skipulag haustsins með tilliti til Covid-19 sóttvarna. Sjá nánar um fyrirkomulag skólastarfs á haustönn aftar í skýrslunni.

Foreldrar fengu kynningu á starfi skólans í gegnum fjarfundabúnað og þótti fundurinn takast vel.



Mynd 11 Aðsókn nýnema í MH jókst haustið 2020 en umsóknnum fækkaði aðeins fyrir haustið 2021.




Mynd 12 Vinsældir brautanna eru misjafnar og spurning hver framtíðin verður. Haustið 2020 var hætt að innrita á tónlistarbraut og teljum við opnu brautina geta komið í staðinn.

Opna brautin er langvinsælust en þar gefst nemendum kostur á að velja sér sjálfir hvaða námsgreinar þeir vilja leggja áherslu á. Þeir velja sér 3 kjörgreinar og þurfa að taka 25 einingar í fyrstu kjörgrein, 20 í annarri og 15 í þeirri þriðju. Samsetning kjörgreina er mjög mismunandi og sýnir oft mikið hugmyndaflug. Ef nemandi velur t.d. stærðfræði sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann 7-10 áfanga í stærðfræði (35-50 einingar). Ef nemandi velur íslensku sem fyrstu kjörgrein þá getur hann verið með 10-15 áfanga (50-75 einingar) í íslensku í stúdentsprófi sínu.


2.8.1 Grunnskólaeinkunnir

Nemendur sem sækja um skólavist eru flestir með góðar einkunnir og er oft mikil samkeppni meðal þeirra að komast inn.



Mynd 13 Einkunnin Annað er gefin þeim sem eru með * eða undanþágur sem oftast á við IB-nemendur eða nemendur sem eru að flytja til landsins og skiluðu ekki inn einkunnum.

Langflestir nemendur sem innritast í skólann eru með B+ og B í einkunn í stærðfræði og íslensku úr grunnskóla. Fleiri nemendur innritast með A í stærðfræði en í íslensku en hins vegar eru fleiri nemendur með B í íslensku en í stærðfræði. Þeir nemendur sem koma inn með C og C+ í stærðfræði eru settir í fornámsáfanga í stærðfræði.




Mynd 14 Nýnemar eru með hærri einkunn í ensku en dönsku.

Fleiri nemendur koma inn með A og B+ í ensku en dönsku sem gefur kannski vísbendingu um málumhverfið sem nemendur alast upp í. Fjórir nemendur, sem innrituðust haustið 2020, voru með C í dönsku en aðeins einn í ensku, sem er sami fjöldi og árið á undan.


2.8.2 Samanburður á grunnskólaeinkunn og einkunnum haust 2020 í áföngum í MH

Nemendur sem koma inn í skólann með A eða B+ í ensku, stærðfræði eða íslensku á grunnskólaprófi geta tekið tvöfalda hraðferð í þeim greinum. Tvöföld hraðferð er skilgreind þannig að efni tveggja fyrstu áfanga fagsins er kennt í einum áfanga, svokölluðum AB-áfanga. Miðað er við að nemendur geti farið á annan hátt í gegnum efnið þar sem þeir hafi mjög góðan undirbúning og minna þurfi að rifja upp með þeim. Boðið hefur verið upp á AB-áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku.

Nýnemar haustsins 2020 luku grunnskóla í Covid-19 faraldrinum og var misjafnt hvernig grunnskólarnir enduðu skólaárið. Miðað við samanburðinn sem kemur hér á næstu tveimur myndum virðast grunnskólaeinkunnir nemendanna endurspegla vel getu þeirra og þar með gengi í fyrsta áfanga í framhaldsskóla. Þó er rétt að velta fyrir sér áhrifum þess að haustið 2020 tóku allir nemendur MH lokaprófin sín heima og var vægi lokaprófa breytt í mörgum tilfellum. T.d. var vægi lokaprófa í stærðfræði breytt úr 70% í 40%.




Mynd 15 Á myndinni sést að enginn nemandi sem fékk A í stærðfræði í grunnskóla féll en einn hætti. Til samanburðar féllu 6 af þeim sem fengu C+.




Mynd 16 Enginn af þeim nemendum sem fengu A eða B+ í íslensku í grunnskóla féllu í fyrsta áfanga í íslensku í MH. Einn af þeim sem fékk C+ féll og einn af þeim sem fékk C.

Ef við skoðum meðaleinkunn í fyrstu áföngum í íslensku og ensku haustið 2020 þá er hún tæplega 8 en í stærðfræðinni er hún 6,0. Meðaleinkunn nemenda í tvöfaldri hraðferð í þessum sömu greinum virðist vera jafnari eða rétt rúmlega 8.




Mynd 17 Meðaleinkunnir í fyrsta áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku virðast fara hækkandi. Inni í þessum tölum eru allir sem ljúka áföngunum, bæði nýnemar og eldri nemendur, óháð því hvað þeir hafa tekið áfangann oft.



Mynd 18 Haustið 2020 voru meðaleinkunnir í öllum hraðferðaráföngunum mjög svipaðar.

2.9 Námsbrautir

Menntaskólinn við Hamrahlíð býður upp á nám á sex brautum til stúdentsprófs (erum hætt að innrita á tónlistarbrautina en enn eru nokkrir nemendur sem stunda nám á henni) auk fjölnámsbrautar, MÍT og IB-brautar (International Baccalaurate). Haustið 2019 var einingum til stúdentsprófs fækkað niður í 205 einingar nema á listdansbraut og tónlistarbraut eins og áður hefur komið fram. Flestir nemendur stunda nám á opinni braut (50%) og náttúrufræðibraut (18,2%). Nemendum hefur fækkað á mála- og félagsfræðabraut (samtals 15,5%) með tilkomu opnu brautarinnar enda geta nemendur á opinni braut valið sér sérhæfingu sem hæfir best því námi sem þeir hyggjast leggja stund á í framtíðinni.



Mynd 19 Opna brautin krefst mikillar eftirfylgni og ráðgjafar.

2.9.1 IB-braut

Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur boðið upp á IB-nám síðan 1997. Til að mega bjóða upp á IB-nám þarf að fara gegnum strangt umsóknarferli IB-samtakanna (IBO) og uppfylla ýmis skilyrði. IB-námið er í raun tvískipt. Annars vegar er eins árs undirbúningur, Pre-IB, og hins vegar tveggja ára námsbraut, IB-Diploma. Henni lýkur með IB-Diploma sem er ígildi stúdentsprófs. Útskriftarefni þreyta samræmd skrifleg lokapróf í maí á sama tíma og þúsundir annarra IB-nemenda úti um allan heim. Nemendurnir taka þátt í útskriftarathöfn MH en það kemur ekki í ljós fyrir en í júlí ár hvert hvort nemendur hafi náð IB-Diploma eða ekki.

Nemendahópurinn er mjög fjölbreyttur og endurspeglar það meðal annars í móðurmálsvali. IBO leggur mikla áherslu á að nemendur læri sitt móðurmál og kynnist menningu síns heimalands gegnum bókmenntir. IB býður þar af leiðandi upp á sjálfsnám í flestum tungumálum heims. Í MH er boðið upp á kennslu í ensku og íslensku. Önnur móðurmál eru í boði sem sjálfsnám undir handleiðslu móðurmálskennara.

2.9.1.1 IB og Covid-19

Nemendur IB-brautar fóru ekki varhluta af Covid-ástandinu skólaárið 2020-21. Þau voru í fjarkennslu líkt og aðrir nemendur MH en þegar reglur voru rýmkaðar í lok haustanna 2020 fengu þessir nemendur meiri staðkennslu en aðrir nemendur skólans. Rýmkunin fólst í því að allt að 30 manna hópur mætti koma saman en engin blöndun mætti vera milli hópa. Þetta hentaði IB-náminu vel en skipulag þess er meira í ætt við bekkjarkerfi, t.d. er undirbúningsárið aðeins einn bekkur. IB-nemendur mættu tvisvar í viku í staðkennslu í nóvember og voru þess á milli heima í fjarkennslu. Þeim var komið fyrir í íþróttasalnum þar sem hægt var að tryggja meira en 2 metra milli borða. Eins var lögð áhersla á að IB-nemendur mættu í skrifleg lokapróf í desember. Nánast öll prófin voru staðpróf í MH. Rökin fyrir því voru þau að IB-námið er mjög prófamiðað, lokaekunn nemenda er 70-80% prófseinkunn í flestum tilvikum. Því eru staðpróf mjög mikilvægur undirbúningur undir samræmdu lokaprófin.

IB-samtökin ákváðu að fella öll lokapróf niður vorið 2020 og reikna lokaekunnir út eftir ákveðnu reiknilíkani. Vorið 2021 buðu IB-samtökin upp á tvær leiðir, skrifleg lokapróf eða reiknaðar lokaekunnir (fyrir þá skóla sem gátu ekki boðið upp á staðnám). MH valdi þá leið að hafa skrifleg lokapróf. IB-samtökin breyttu einnig námsmálinu í ljósi heimsfaraldursins. Námsefni var minnkað og

lokaprófum fækkað í öllum námsgreinum nema stærðfræði. Einnig var óbreytt námsefni í myndlist en námsmatið byggt á öðrum þáttum en lokaprófum. Sem dæmi um breytingu á námsmati má nefna að hlustunarpróf voru tekin út í erlendum tungumálum og í raungreinum þreyttu nemendur tvö lokapróf í stað þriggja.

IB-samtökin setja stífar reglur varðandi framkvæmd lokaprófa. Skólar geta átt von á óvæntri heimsókn á prófatíma þar sem starfsfólk IB kannar hvort farið sé að settum reglum. IB heimsótti MH í fyrsta skipti vorið 2021. Heimsóknin var reyndar rafræn og fór fram í gegnum ZOOM. Hún tókst ljómandi vel og engar athugasemdir voru gerðar við prófahaldið enda fylgir starfsfólk MH ætíð öllum reglum í hvívetna. Heimsfaraldrinum fylgja ýmis ný tækifæri og má búast við að IB framkvæmi svona kannanir oftár rafrænt héðan í frá.

2.9.2 Kjörgreinar á opinni braut

Nemendur velja sér þrjár kjörgreinar, eins og áður hefur komið fram, og tvær fyrstu koma fram á stúdentsprófsskírteininu þeirra.

Það er oftast ekki fyrr en á síðustu önn að val stúdentsefna á kjörgreinum verður endanlegt. Athyglisvert er að sjá að enska, saga, sálfræði og stærðfræði eru vinsælustu fyrstu og aðrar kjörgreinar hjá útskriftarefnum síðustu fjögurra anna.

Kjörgrein 1 haust 2020		Kjörgrein 2 haust 2020		Kjörgrein 1 vor 2021		Kjörgrein 2 vor 2021	
enska	22	enska	17	enska	26	enska	35
saga	17	saga	10	sálfræði	17	sálfræði	14
sálfræði	11	sálfræði	10	saga	16	saga	9
stærðfræði	7	félagsfræði	8	stærðfræði	12	myndlist	8
íslenska	5	myndlist	6	myndlist	10	stærðfræði	8
líffræði	5	stærðfræði	5	íslenska	8	leiklist	5
myndlist	4	íslenska	4	félagsfræði	5	danska	4
félagsfræði	3	jarðfræði	4	leiklist	3	félagsfræði	4
danska	2	danska	3	líffræði	3	íslenska	4
þýska	2	líffræði	3	spænska	3	líffræði	3
franska	1	japönsku	2	danska	2	spænska	3
heimspeki	1	þýska	2	heimspeki	1	tölvufræði	3
leiklist	1	franska	1	íarðfræði	1	efnafræði	1

Mynd 20 Enska er vinsælasta fyrsta og önnur kjörgreinin enda eru margir valáfangar í ensku í boði í MH.

2.10 Stöðumat

Skólinn hefur boðið nemendum upp á stöðumat í fjölmörgum tungumálum og fer það fram í byrjun annar. Námstjóri tungumála sér um skipulagninguna. Stöðumat er algengast í spænsku, ensku, dönsku, þýsku, ítölsku og frönsku. Boðið er upp á stöðumat í öðrum tungumálum ef þess er óskað. Frá og með hausti 2020 hefur þurft að greiða fyrir stöðumat.

Skólinn heldur stöðupróf í norsku og sænsku fyrir alla sem treysta sér í það, sama úr hvaða skóla þeir koma. Nánari lýsing á stöðuprófi í norsku og sænsku er á heimasíðu skólans en umfang þess er öðruvísi en annarra tungumála. Vor 2021 tóku 15 nemendur stöðupróf í sænsku eða norsku. Af þeim var einn sem fékk tvo áfanga metna og 5 sem fengu einn áfanga metinn.

Vor 2021	Fjöldi nemenda	Metið	Ekki metið
Norska	6	3 AA og 1 BB	3
Sænska	9	3 AA	6

2.11 Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2020-2021 voru starfandi þrír náms- og starfsráðgjafar við MH. Tveir í fullu starfi og einn í 80% stöðu.

Margvíslegar ástæður liggja fyrir komu nemenda til náms- og starfsráðgjafa. Þær eru ýmist tengdar ráðgjöf vegna námsins eða persónulegra mála. Nemendur sem þurfa frekari ráðgjöf og stuðning frá náms- og starfsráðgjöfum eru sérstaklega skráðir hjá viðkomandi ráðgjafa í Innu. Þetta voru 178 nemendur á vorönn 2021. Sérstaklega mikil ásókn er í viðtöl í upphafi annar, kringum val nemenda og á álagstímum hvað varðar verkefnaskil og próf.

2.11.1 Almenn um skólaárið hjá náms- og starfsráðgjöfum

Þetta ár var líkt og hjá flestum ár mikilla áskorana hjá náms- og starfsráðgjöfum. Það var um margt lærdómsríkt og þrátt fyrir krefjandi verkefni var hægt að koma til móts við nemendur á ýmsan máta s.s. í gegnum síma og fjarfundabúnað. Nemendur áttu miserfitt með námið á tímum fjarkennslu og líðan þeirra sveiflaðist til og frá. Á haustönn voru nemendur ekki mjög duglegir að hafa samband og því var markvisst farið í að hringja í þá og athuga hvernig námið gengi og hvernig þeim liði. Hringt var í alla nýnema, alla eldri skjólstaðinga náms- og starfsráðgjafa og svo aðra nemendur eftir ábendingum kennara og stjórnenda. Eftir því sem leið á voru nemendur svo duglegri við að hafa samband sjálfir. Á vorönn féll starfið aftur að mestu í hefðbundnar skorður og mikil ásókn var í þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Í samantekt, sem er þó alls ekki tæmandi, kemur í ljós að samtöl námsráðgjafa við nemendur voru 1500 á hvorri önn og eru þá ótaldir tölvupóstar og sms-samskipti sem og foreldraviðtöl.

Sú nýbreytni var tekin upp haustið 2020 að nýnemar fengu úthlutað námsráðgjafa í tengslum við lífsleiknihöpa. Sami ráðgjafi fór inn í hópinn í byrjun annar og svo aftur síðar til að aðstoða við val nemenda. Hann hringdi einnig í nemendur viðkomandi hópa þegar fjarkennslan var í gangi til að athuga hvernig gengi og hvernig þeim liði. Þetta fyrirkomulag tókst vel og því verður sami háttur hafður á næsta skólaár. Þetta var einnig gert hjá eldri nýnemum og IB-nemum. Vel hefur gengið að tengja IB-nemendur sínum námsráðgjafa og er það til mikilla bóta fyrir þá að fá námsráðgjafa sem hefur það hlutverk sérstaklega að halda utan um hópinn.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ákvað að ráðast í tilraunaverkefni með fimm framhaldsskólum, til þriggja ára, um notkun á stafrænum lausnum til að auka aðgengi framhaldsskólanemenda að stoðþjónustu, einkum geðheilbrigðisþjónustu. Um er að ræða stafrænt kerfi á vegum fyrirtækisins Kara Connect ehf. Náms- og starfsráðgjafar ásamt sálfræðingi MH taka þátt í verkefninu. Settur var tengill á heimasíðu skólans þar sem hægt er að bóka viðtöl, bæði stað- og fjarfundaviðtöl. Reynslan eftir fyrstu önn er sú að það eru ýmsir kostir við kerfið en einnig þó nokkrir gallar þar sem kerfið hentar ekki alveg því vinnufyrirkomulagi sem tíðkast í ráðgjöfinni í MH. Starfsfólk Kara Connect er allt af vilja gert til að bæta og breyta og munum við halda samstarfinu áfram næsta skólaár.

2.11.2 Áfanginn STUÐ1AB01.

STUÐ1AB01 er hópráðgjöf í umsjón náms- og starfsráðgjafa sem styður við nemendur í brotthvarfshættu. Ráðgjöfin var með breyttu sniði í ár þar sem nemendur voru bæði í stað- og fjarkennslu vegna Covid-19. Tekin var ákvörðun um að veita nemendum einstaklingsþjónustu þannig að þeir komu í hverri viku ef kennsla var í húsi en annars höfðu ráðgjafar samband símleiðis. STUÐ-nemendum býðst að taka áhugasviðskönnunina Bendil þeim að kostnaðarlausu en aðrir nemendur greiða fyrir þá þjónustu.

Á haustönn 2020 voru 13 nemendur í áfanganum STUÐ1AB01. Samtals náðu þessir nemendur 46 fleiri einingum önnina sem þeir tóku STUÐ1AB01 áfangann en önnina á undan. Af þessum 13 nemendum eru 2 hættir í MH en báðir fóru í annan skóla. Á vorönn voru 7 nemendur skráðir í


hópin. Á önninni náði þessi hópur samtals 48 fleiri einingum en önnina á undan. Þessir nemendur eru allir skráðir með val á haustönn 2021.

2.11.3 Sérúrræði

Alltaf er nokkur fjöldi nemenda sem sækir um sérúrræði á próftíma vegna sértækra námserfiðleika. Nemendur þurfa að hafa greiningu frá fagaðila til að geta sótt um úrræðið.

Vorið 2021 keypti skólinn aðgang að tölvuforriti sem les hin ýmsu tungumál beint af prófblaði. Hljóðgervillinn er á gömlum tölvum sem ekki eru tengdar neti. Þetta forrit var nýtt í vorprófum 2021 og gekk vel fyrir utan smá hnökra í byrjun en þeir tengdust uppsetningu prófanna í ritvinnsluforritinu Word.

Skráningar í sérúrræði á prófatíma voru færri þetta skólaárið þar sem miklar breytingar voru á námsmati og prófafyrirkomulagi. Samþykkt voru 199 sérúrræði á vorönn en mjög misjafnt er hversu mörgum prófum nemendur óska eftir aðstoð í. Einnig er misjafnt hvers kyns úrræði nemendur sækja um en flestir vilja vera í stofu frekar en á sal og einstaka óska eftir að taka próf einir í stofu. Lesblindum nemum gefst kostur á að fá prófin lesin og/eða fá lituð prófblöð. Nokkrir nemar fá að taka próf á tölvu vegna sértækra erfiðleika. Nemendur sem fá sérúrræði eru almennt mjög sáttir við þá þjónustu sem þeim stendur til boða.



Mynd 21 Fjöldi sérúrræða er breytilegur eftir árum og helst yfirleitt í hendur við prófafyrirkomulag og námsmatsaðferðir.

2.11.4 Kynningar fyrir grunnskólanema

Kynningar fyrir verðandi MH-inga voru með breyttu sniði þetta árið vegna Covid-19. Í stað þess að hafa opið hús og kynningar úti í skólahverfum var grunnskólanemendum boðið að heimsækja MH. Náms- og stafsráðgjafar kynntu þeim skólstarfið og eldri nemendur sýndu þeim húsnaði skólans og sögðu frá félagslífinu. Í upphafi var lagt upp með að hafa 3 dagsetningar í boði og taka á móti u.þ.b. 80 nemendum í hvert skipti. Eftirspurn eftir kynningum var hins vegar mjög mikil og þegar upp var staðið höfðum við tekið á móti nemendum á átta dagsetningum, oftast þremur hópum hvern dag. Sérstök kynning var haldin fyrir nemendur sem vildu kynna sér alþjóðlegu IB-brautina.


2.12 Námsverið

Allir nemendur MH eru velkomnir í námsver skólans. Þar geta þeir fengið stuðning við námið. Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, aðstoð við að skilja texta í námsefni og verkefnum og við yfirlestur ritgerða og verkefna. Nemendahópurinn er fjölbreyttur, á öllum getustigum og af öllum brautum skólans. Vandi þeirra getur verið námslegur, félagslegur eða tilfinningalegur. Námsverið stuðlar að samvinnu nemenda, einn hjálpar öðrum eftir því sem hægt er. Nemendur mynda gjarnan tengsl og vinna saman í náminu þannig að traust og jafnvel vinskapur verður til. Námsverið er opið öllum nemendum skólans frá klukkan 10:00-15:30, og lengur ef þörf krefur, alla virka daga. Opið er í hádeginu.

Markmið námsvers MH eru að:

- Styðja nemendur í námi
- Skapa umhverfi fyrir nemendur sem þeim líður vel í
- Mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur
- Finna lausnir sem henta hverjum og einum

Í byrjun febrúar lauk endurbótum á námsverinu svo aðstaðan varð bæði stærri, bjartari og mun betri en sú sem var fyrir.



Mynd 22 Nemendur koma sumir reglulega í námsverið en aðrir kíkja við þegar þeir þurfa á aðstoð að halda.

Á haustönn 2020 þáðu 82 af 1053 nemendum skólans þjónustu í námsveri sem gerir tæplega 8% nemenda skólans. Á vorönn 2021 þáðu 116 af 926 nemendum skólans þjónustu í námsveri sem gerir tæplega 12,5% nemenda skólans.

Nánar má lesa um starfsemi námsversins á heimasíðu skólans.

2.13 Sálfræðingur

Sálfræðingur hefur starfað við MH síðan haustið 2016 í 75% starfshlutfalli. Sálfræðingur býður almenna skólasálfræðiþjónustu og hefur útfært starfið í samstarfi við starfsfólk skólans og nemendur.

Starf sálfræðingsins litaðist af takmörkunum vegna Covid-19. Sálfræðiþjónusta innan skólans var með svipuðu sniði og undanfarin ár og reynt var að aðlaga hana eins og kostur var að þessum óvenjulegu aðstæðum. Nemendum bauðst að þiggja fjarviðtöl eða viðtöl í húsnæði skólans eftir þörfum. Gefnir voru út 11 þættir í hlaðvarpinu Dótakassinn á önninni og fræðsluefni var aðgengilegt á heimasíðu

skólans. Auk þessa hélt sálfræðingur skólans fyrirlestra innan skólans og á netinu. Alls leituðu 119 nemendur til sálfræðings skólans skólaárið 2020-2021 og bókuð voru 368 viðtöl.

Skólapúlsinn

Þessi könnun (www.skolapulsinn.is) hefur verið lögð fyrir á hverju hausti síðustu ár. Markmiðið er að fylgjast með og átta sig á líðan og upplifun nemenda. Kostir þessarar könnunar eru að hún er framkvæmd af utanaðkomandi aðila og samanburður fæst við aðra sambærilega stóra framhaldsskóla. Stuðst er við handahófskennt úrtak nemenda úr nemendaskrá skólans og var könnunin í ár lögð bæði fyrir á haustönn í október og á vorönn í apríl. Alls fengu 248 nemendur könnunina senda og var svarhlutfall 91,9%.

[Nánar má lesa um starfsemi á vegum sálfræðings MH á heimasíðu skólans.](#)

2.14 Umhverfismál

Í MH er starfrækt umhverfisnefnd skipuð bæði nemendum og starfsfólki. Nefndarstarf lá að mestu niðri á vorönn 2020 vegna röskunar á skólastarfi sökum Covid-19. Hins vegar náðist að virkja nefndina á haustönn 2020 þrátt fyrir áframhaldandi takmarkanir á skólastarfi. Nefndina skipuðu u.þ.b. 15 nemendur og þrjú kennarar. Kennarar héldu mánaðarlega fundi á haustönn 2020 og svo voru haldnir 3 vinnufundir með nemendum á vorönn (auk reglulegra funda kennara). Skólinn er þátttakandi í grænánaverkefni Landverndar og stefnir skólinn á að fá sinn þriðja fána á vorönn 2022. Til þess að hljóta grænánann þarf skólinn að sýna framfarir í umhverfismálum frá síðustu fánaveitingu. Nefndarmeðlimir eru búnir að fylla út gátlista og kortleggja hvernig skólinn getur helst bætt sig. Ákveðið var að vinna með eftirfarandi þrjú þemu skólaárið 2021-2022: 1) *Neysla og úrgangur*, 2) *Samgöngur og loftlagsmál* og 3) *Hnattrænt jafnrétti*. Nemendur komu með margar hugmyndir að markmiðum innan þessara þriggja þema, og má þar t.d. nefna:

- að setja upp skiptimarkað eða „gefins“ hóp á samfélagsmiðlum
- að vera með skiptifataslá í skólanum
- að bæta fræðslu til nemenda um flokkun og sóun
- að hefja moltugerð á lífrænum úrgangi
- að ýta undir umhverfisvænni kosti í Sómalíu, matsölu nemenda
- að sleppa plastpokum í ákveðnum ruslatunnum (t.d. tunnum undir pappa og plast)
- að halda fjölmennigarviðburð innan skólans
- að leggja áherslu á umhverfis- og siðferðisvænar vörur í innkaupum
- að nemendur og starfsfólk verði skyldað til að kolefnisjafna ferðalög á vegum skólans
- að endurvekja hóp á Facebook þar sem nemendur gátu skipulagt sameiginlegar bílferðir til og frá skóla
- að fækka bílastæðum
- að halda fund með fagstjórum um hvernig megi tvinna saman umhverfismál og faggreinar

Skólaárið 2021-2022 er m.a. stefnt á að framkvæma einhver þessara markmiða, með það að leiðarljósi að gera MH að enn umhverfisvænni og farsælli grænánaskóla.

Græn skref

Í byrjun nóvember 2020 skráði MH sig til leiks í verkefninu Græn skref sem er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Teymi Grænna skrefa í MH skipa rektor, konrektor, fjármálastjóri, skjalastjóri, fulltrúi á skrifstofu og 2 kennarar. Teymið fundaði einu sinni á haustönn 2020 og fimm sinnum á vorönn 2021. Verkefnið var kynnt og rætt á starfsmannafundum bæði á haustönn og vorönn. Skólanum er ætlað að stíga 5 græn skref á árinu 2021. Hvort tekst að ljúka þeim öllum á árinu mun tíminn leiða í ljós en innleiða þarf 20-40 aðgerðir í rekstri skólans í hverju skrefi. Fyrsta skrefinu var náð um miðjan febrúar og síðan hefur

verið unnið að skrefi nr. 2. Ýmsar aðgerðir í því kalla á breytingar, t.d. má nefna að bæta þarf verulega flokkun úrgangs og auka þarf framboð á grænkerafæði í mötuneyti. Lagt var á ráðin um hvernig mætti ná þessum breytingum fram á haustönn 2021 og er nú unnið hörðum höndum að því að uppfylla þessar kröfur sem og aðrar sem tengjast næstu skrefum.

2.15 Tölvumál

Allir starfsmenn og nemendur vinna í Microsoft 365 umhverfinu. Samtals 145 kennarar og aðrir starfsmenn nota „Microsoft 365 for faculty“ og rúmlega 1100 nemendur nota „Microsoft 365 for students“. Allir Microsoft 365 notendur hafa aðgang að 1TB plássi á Onedrive til að vista sín gögn. Notkun á Teams hefur aukist gríðarlega. Margir kennarar hafa nýtt sér Teams í fjarkennslu sem kom til vegna COVID-19 og fundir í skólanum hafa margir verið haldnir í gegnum Teams af sömu ástæðu. Þekkingin á kerfinu er því orðin mun almennari nú.

Allir kennarar og flestir aðrir starfsmenn skólans fá fartölvu í eigu skólans til afnota á meðan þeir eru starfandi í MH. Nemendur hafa aðgang að borðtölvum á Miðgarði og bókasafni skólans. Tölvuver með samtals 31 borðtölvu er til staðar fyrir kennslu og önnur verkefni. Um 175 tölvur eru til í tölvuvögnum eða í skápum í kennslustofum til notkunar við kennslu.

Búið er að setja nýtt hljóðkerfi í allflestar kennslustofur.

MH býr yfir mjög öflugum þráðlausu netkerfi. Samtals 67 sendar eru staðsettir í skólahúsnæðinu, þeir eru í flestöllum kennslustofum og einnig í öðrum rýmum.

2.16 Skjalamál

Áfram hefur verið unnið að því að koma skjalamálum MH í fastari skorður og vinna úr ýmsum málum tengdum fortíðinni. MH er afhendingarskyldur aðili og á að skila öllum skjölum til Þjóðskjalasafns þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Skjölum skal skila á pappír þar til rafræn skil hafa verið samþykkt af Þjóðskjalasafni. Þjóðskjalasafn leggur áherslu á að ríkisstofnanir sæki um rafræn skil. Skólinn hefur ekki stigið það skref enn og er verulegur kostnaður helsta hindrunin. Vonandi verður fé eyrnamerkt því verkefni á komandi árum.

Eftirfarandi verkefni bar hæst skólaárið 2020-2021:

- Skjölum var skilað til Þjóðskjalasafns í september 2020. Um var að ræða námsferla nemenda sem ekki hafa útskrifast en stunduðu nám á árunum 1966-1989 í dagskóla sem og gamlar spjaldskrár með upplýsingum um námsferla nemenda frá fyrstu árum skólans. Enn fremur var öllum gögnum um námsferil nemenda öldungadeildar, sem ekki höfðu útskrifast, skilað. Þjóðskjalasafn samþykkti að taka við þeim þar sem öldungadeild hefur verið lögð niður þótt skjölin hafi ekki öll náð 30 ára aldri.
- Ný eldvarin skjalageymsla á jarðhæð var tekin í notkun í upphafi haustannar og hefur Þjóðskjalasafn samþykkt hana. Þar er nú á einum stað allt skjalasafn skólans, nema þau gögn sem snerta námsferla og útskrift nemenda sem enn eru geymd í Auraseli, eldvarinni geymslu á skrifstofu skólans. Skjalastjórar röðuðu fjölda kassa inn í geymsluna og unnu að því að flokka ýmis gögn sem höfðu áður verið á víð og dreif í geymslum skólans.

- Skjalastjórar unnu að gerð skjalavistunaráætlunar og fékkst hún samþykkt af Þjóðskjalasafni í byrjun maí 2021.
- Vinna við skjöl jafnlaunakerfis MH er árviss þáttur í starfi skjalastjóra og nokkuð tímafrekur. Úttektaraðili í viðhaldsvottun jafnlaunakerfisins gaf skjalfestingu kerfisins þá umsögn að hún væri til fyrirmyndar.
- Skólinn hefur fengið allmargar grisjunarbeiðnir samþykktar af Þjóðskjalasafni og skjalastjórar halda áfram að senda beiðnir vegna ýmissa skjala sem fundist hafa í geymslum og þykja ekki innihalda merkar upplýsingar.



Mynd 23 Um það bil 80 skjalaöskjum var skilað til Þjóðskjalasafns í september 2020.

Rafræna skjalastjórnarkerfið GoPro hefur verið notað frá árinu 2019 og hefur náð að festa sig nokkuð í sessi. Notendur eru 13 talsins; rektor og konrektor, fjármálastjóri, IB-stallari, 3 náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur, deildarstjóri sérnámsbrautar, 2 skjalastjórar, innri úttektaraðili jafnlaunakerfis og netstjóri. Skjalastjórar hafa eftirlit með notkun kerfisins og leiðbeina og aðstoða notendur eftir þörfum. Innleiðing hefur að mörgu leyti gengið vel þótt einstaka notendur mættu nýta kerfið betur. Fjöldi mála eykst stöðugt og endurspeglar þau vel starfsemi skólans.

Skjalastjórar hafa tekið þátt í samstarfi skjalastjóra framhaldsskóla sem nota GoPro. Samstarfið er öflugt og hefur reynst mikilvægur hlekkur í því að læra að nýta kerfið sem best. Annar skjalastjóri MH situr nú sem varamaður í stýrihópi skjalastjóra framhaldsskólanna og Hugvits, fyrirtækisins sem rekur GoPro. Fundir stýrihópsins með forsvarsmönnum Hugvits stuðla að öflugra upplýsingaflæði milli fyrirtækisins og skólanna og þar koma skjalastjórar fyrirspurnum og óskum sínum um framþróun kerfisins á framfæri fyrir hönd allra skólanna.

2.17 Heimasíða

Heimasíða skólans er mjög virk og eru nokkrir starfsmenn sem hafa aðgang til að setja inn efni og viðhalda síðunni. Rektor og konrektor setja inn fréttir og skjalastjóri tekur að sér ýmiss konar lagfæringar og uppfærir upplýsingar. Markmið okkar er að heimasíðan sé lifandi og innihaldi ávallt réttar upplýsingar. Við erum mjög meðvituð um nauðsyn þess að síðan sé notendavæn og vinnum því stöðugt að því að viðhalda henni á markvissan hátt.



Skólaskjáriinn er upplýsingaskjári sem er staðsettur á nokkrum stöðum í húsnæði skólans og tengill á hann er á heimasíðu skólans. Hann var endurbættur á vorönn þannig að nú er mögulegt að birta myndir á honum en það gerir tilkynningar og fréttir mun líflegri og eftirtektarverðari.

2.18 Jafnréttismál

Störf jafnréttisnefndar skólaárið 2020-2021 sneru annars vegar að endurskoðun jafnréttisáætlunar í tengslum við árlega úttekt á jafnlaunavottun og hins vegar að samræðu við jafnréttisfélög nemenda (femínista- og hinsegin félögin). Ljóst er að fylgjast þarf vel með tímaramma jafnréttisáætlunar en þar leikur jafnréttisnefnd stórt hlutverk sem og aðrir ábyrgðaraðilar. Mögulega þarf að endurskoða verklag vegna þeirrar röskunar sem sóttvarnarreglur hafa valdið á skólastarfinu.

Starfsfólk skólans fékk á vordögum kynningu frá nemendum um kynsegin-hugtakið og notkun þess og var það þörf og góð umræða. Í framhaldi af því var bætt við valmynd í Innu þar sem nemendur geta sett inn hvaða persónufornafn þeir nota dagsdaglega.

Töflurnar hér fyrir neðan sýna jafnréttisstuðla miðað við haustið 2021:




2.18.1 Jafnlaunavottun

Í byrjun júní 2020 fékk Menntaskólinn við Hamrahlíð jafnlaunavottun.

Markmið skólans er að starfsfólk óháð kyni njóti sömu launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Á skólaárinu 2020-2021 var farið yfir allar verklagsreglur og þær rýndar af innri úttektaraðila sem er hluti þess að gangast undir árlega viðhaldsúttekt. Það var kennari í MH sem gerði úttektirnar og erum við mjög heppin að hafa á meðal okkar sérfræðing sem getur sinnt þessu starfi. Árleg viðhaldsúttekt fór fram í byrjun júní og gekk alveg eins og í sögu. Niðurstaða úttektarstjóra iCert (sem er vottunarstofa) var að jafnlaunakerfi Menntaskólans við Hamrahlíð uppfyllti áfram kröfur staðalsins ÍST 85:2012 og framkvæmd væri í samræmi við gildandi verklagsreglur. Úttektarstjóri mælti því með óbreyttri stöðu vottunar.



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

2.19 Heilsueflandi framhaldsskóli

Starfsemi teymis um heilsueflandi framhaldsskóla lá að mestu niðri skólaárið 2020-2021 vegna áhrifa Covid-19. Skólinn tók samt þátt í verkefnunum Hjólað í vinnuna og Lífshlaupinu eins og undanfarin ár. Boðið var upp á hafragraut í nokkrar vikur á vorönn en annars lá sá góði siður niðri að mestu þetta skólaár. Kannanir eru gerðar á líðan nemenda á hverju ári (Skólapúlsinn og Rannsóknir og greining) og niðurstöður þeirra kynntar nemendum og starfsfólki. Niðurstöður þeirra hafa svo verið hafðar til hliðsjónar í almennu skólastarfi.

3 Covid-19 veturinn 2020-2021

Reynslan frá vori 2020 nýttist vel haustið 2020 þegar skólastarfið litaðist af seinni bylgjum Covid-19.

Í júní 2020 ræddu stjórnendur skólans um að vera undirbúin undir aðra bylgju Covid-19, setja fram plan A og plan B, til að geta brugðist við ef faraldurinn hefði jafnmikil áhrif á haustönn 2020 og gerðist á vorönn. Í lok júlí var sýnt að bregðast yrði við breyttum aðstæðum. Mikil skipulagsvinna átti sér stað í kjölfarið svo hægt yrði að hefja skólastarf í lok ágúst.

3.1 Haustönn 2020

Stokkatafla MH	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:10 - 9:10					
09:10 - 10:10	A k	B a	C f	A f	G i
10:25 - 11:25	B	A	D	B	H
11:35 - 12:35	C m	H a	E t	G u	F r
13:05 - 14:05	D	G	F	E	C
14:15 - 15:15	E	F	H	D	
15:15 - 16:15					

Mynd 24 Stokkatafla haustannar 2020.

- Skólinn hófst 18. ágúst með móttöku nýnema.
 - Nemendur voru boðaðir í tvennu lagi og stærstu stofur skólans notaðar.
- Nýnemar fengu lífsleiknitíma 20. ágúst þar sem farið var yfir skipulag fyrstu þriggja vikna.
- Öll kennsla hófst 24. ágúst og var kennt í löngum tímum fyrir og eftir hádegi í viku 1, fyrir hádegi í viku 2 og eftir hádegi í viku 3.
 - Nemendur í hússtjórn fengu fulla kennslu.
 - Nemendur á fjölnámsbraut voru í skólanum kl. 10-14.
- Í viku 4 var kennt fyrir hádegi og viku 5 var kennt eftir hádegi
 - Báðar vikurnar var myndlist og leiklist kennd í húsi í öllum löngum tímum, bæði fyrir og eftir hádegi.
- Í viku 6 var kennt fyrir hádegi.
- Í viku 7 var sóttvarnarreglum breytt svo við þurftum að fara alveg yfir í rafræna kennslu sem stóð út önnina, nema í IB-námi og á fjölnámsbraut.
- Önnin endaði í rafrænum heimaprófum, nema IB-nemendur tóku próf í húsi.
- Við brautskráningu voru engir gestir viðstaddir aðrir en tilvonandi stúdentar sem dreift var í 10 kennslustofur. Stúdentsefnin gengu svo frá sinni kennslustofu fram á Miklagarð og voru útskrifaðir koll af kalli. Eftir afhendingu skírteina var tekin mynd af hverjum og einum og allar myndirnar síðan settar saman í eina stúdentsmynd. Streymt var frá athöfninni.

3.2 Vorönn 2021

Á vorönn var tekin upp ný stundatafla þar sem allar kennslustundir voru styttrar í 55 mínútur, tvöfaldir tímar voru kenndir fyrir hádegi, 50 mínútna hádegishlé og svo einfaldir tímar kenndir eftir hádegi. Föstudagar voru með aðrar tímasetningar og allt miðaði þetta að því að geta tekið á móti nemendum miðað við gildandi sóttvarnarreglur. Nemendur og kennarar sáu sjálfir um að um sótthreinsa stofur á milli kennslustunda.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:10 - 9:05	A	B	C	D	F
09:05 - 10:00					A
10:15 - 11:10	E	F	G	H	G
11:10 - 12:05					C
F e r ð a t í m i / Hádegi					
12:55 - 13:50	B	E	A	F	Tímar utan stokka
14:00 - 14:55	D	G	H	B	Tímar utan stokka
15:05 - 16:00	H	C	D	E	Tímar utan stokka
Hver stokkur er 4*55 mínútur					
Tímar eftir hádegi á föstudögum eru fyrir lífsleikni innritaðra / lífsleikni útskriftarnema / IB / Kór					
Tímasetningar á tímum á föstudögum eru 8:10 - 9:05, 9:15 - 10:10, 10:25-11:20 og 11:30 - 12:25					

Mynd 25 Lengd hádegishléins var hugsuð sem ferðatími svo nemendur gætu ferðast á milli skóla og heimilis.

Skipulag vorannar gekk vel en því þurfti að breyta nokkrum sinnum vegna sóttvarnarreglna. Allar [upplýsingar](#) og [tölvupósta](#) sem nemendur fengu má finna á heimasíðu skólans.

- Kennsla vorannar 2021 hófst 6. janúar og til að byrja með var kennt mánudaga til fimmtudaga í tvöföldu tímum fyrir hádegi. Nemendur fóru svo heim og sóttu einfalda tíma eftir hádegi í gegnum tölvuna eða eftir skipulagi hvers kennara. Föstudagskennsla var rafræn út janúar.

- Frá og með 1. febrúar var 100% staðkennsla í flestum greinum.
- Sóttvarnareglur voru hertar 24. mars og þá var lokað í tvo daga áður en páskafrí hófst.
- Lokað var 14. – 16. apríl þar sem smit kom upp í hópi starfsmanna og talið best að loka alveg á meðan verið væri að kanna hvort það hefði eitthvað breiðst út. Svo reyndist ekki vera og vorum við mjög heppin.
- Vorprófin voru haldin í húsi í maí.
- Útskrift var 28. maí þar sem engir aðstandendur voru leyfðir og tilvonandi stúdentar sátu úti í sal. Streymt var frá athöfninni.

Heilt á litið gekk vorönnin vel og nemendur og starfsfólk tóku öllu með jafnaðargeði. Það er ekki sjálfgefið að láta allt yfir sig ganga en það var sama hvað þurfti að gera, allir lögðust á eitt til að láta verkefnið ganga upp.

Fyrir haustið 2021 höfum við endurskoðað stokkauppröðun í stundatöflunni en annars er hún að mestu eins og hún var vorið 2021. Langt hádegishlé er komið til að vera og einnig langir tímar fyrri hluta dags og stuttir eftir hádegi.

4 Samantekt og umbætur

Sjálfsmat er gert til að stofnun eins og MH viðhaldi því sem vel er gert og bæti það sem betur má fara. Sjálfsmatið á að vera ferli sem er virkt allt skólaárið og fylgir ákveðinni áætlun. Sjálfsmatsáætlun skólans hefur ekki verið endurnýjuð í nokkur ár og þarf að endurskoða það. Í sjálfsmatsskýrslum undanfarinna ára hefur verkefnalisti verið settur fram og væntanlega væri hægt að vinna sjálfsmatsáætlun upp úr þeim lista.

Áfram þurfum við að hugsa hvernig við getum unnið skýrsluna þannig að hún nýtist okkur sem best. Enn fremur þarf að festa betur í sessi hvaða kannanir eru gerðar og skilgreina tilgang þeirra.

Ýmis utanaðkomandi öfl höfðu áhrif á skólastarf á vorönn 2021 önnur en heimsfaraldur Covid-19. Jarðskjálftar voru daglegt brauð frá 25. febrúar til 19. mars og einnig barst skólanum sprengjuhótun 25. mars. Það var því ýmislegt sem gekk á og þá kom sér vel að grípa til viðbragðsáætlunar gegn náttúruvá og öðrum ógnunum. Þar er lýst verkferlum við hinar ýmsu aðstæður sem við fengum að prófa á eigin skinni.

4.1 Verkefni skólaársins 2020-2021

Hér fyrir neðan eru talin upp verkefni ársins 2020-2021 sem lýst var í sjálfsmatsskýrslu ársins 2019-2020 og fjallað um stöðu þeirra þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Inna: Hvetja kennara áfram til að viðhalda kunnáttu sinni í Innu-námsumhverfinu eftir lærdómsríka vorönn 2020.

Niðurstaða: Veturinn gerði enn meiri kröfur til kennara að nota Innu og héldu kennarar því áfram að viðhalda þekkingu sinni og bæta hana. Í desember 2020 tóku nemendur rafræn próf heima en vorið 2021 var fyrsta rafræna lokaprófið haldið í húsi. Þessi nýbreytni, sem var í spænsku, tókst mjög vel og voru kennarar mjög ánægðir með niðurstöðuna.

Framkvæmdir: Fara í framkvæmdir við stofu 29, nýja myndlistarstofu.

Niðurstaða: Stofu 29 var breytt úr fyrirlestrarstofu í myndlistarstofu sem tekin var í notkun í byrjun febrúar. Myndlistarkennarar og nemendur eru mjög ánægð með þessa glæsilegu stofu.

Jafnlaunavottun: Við fengum vottun í júní og þurfum að læra að vinna eftir jafnlaunakerfinu.

- Gera innri úttektir á öllum verklagsreglum og fylgja vel eftir því sem hefur verið gert.
- Fara yfir jafnréttisáætlunina og framkvæma tímasettar aðgerðir
- Læra hvað það þýðir að vera með jafnlaunavottun og vinna eftir henni.

Niðurstaða: Lítið var gert af því sem tekið var fram í jafnréttisáætluninni en tímasetningar hafa verið endurskoðaðar og verður þetta tekið föstum tókum haust 2021. Viðhaldsúttekt var framkvæmd af vottunarstofunni iCert í byrjun júní og gekk hún vel.

Valvika: Hafa kynningu á áföngum líkt og þegar um opið hús er að ræða og kynna á einum stað það sem er í boði fyrir næstu önn. Í framhaldi af því væri valtími þar sem nemendur gætu hitt umsjónarkennarann sinn. Þetta kemst ekki í framkvæmd strax vegna COVID-19 en kynning á valáföngum var alfarið rafræn haustið 2020.

Niðurstaða: Kynningar á vali voru rafrænar bæði haust og vor vegna aðstæðna og ekki var farið út í stærri kynningar.

Græn skref: Skólinn mun skrá sig til leiks í „grænum skrefum“, eins og aðrar ríkisstofnanir, og vinna eftir áætlun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar um.

Niðurstaða: Fyrsta græna skrefið var stigið um miðjan febrúar og reyndist það ekki mjög erfitt. Næstu skref eru hins vegar erfiðari og er verið að vinna í þeim.

4.2 Verkefni skólaársins 2021-2022

Græn skref: Halda áfram að vinna í þeim og gera stóratök í flokkun úrgangs.

Umhverfismál: Vinna áfram að Grænfánaverkefninu og tengja það vinnu við Græn skref. Verða til fyrirmyndar í flokkun úrgangs

Jafnréttisáætlun: Vinna markvisst eftir henni.

Nemendur : Fylgjast vel með breytingum á notkun persónufornafna og nöfnum og einnig líðan nemenda í MH. Stefnt er að því að búa til sérstaka búningsaðstöðu fyrir nemendur sem ekki geta farið í almenna búningsklefa.

Lífsleikni nýnema: Áfanginn LÍFS1AA03 verður kenndur haust 2021 eftir breyttu fyrirkomulagi. Vinna er í gangi við að endurskoða hann og leggja meiri áherslu á nemandann sjálfan.

Húsnæði: Halda áfram endurbótum á húsnæði og vonast eftir að svalir íþróttahússins verði yfirbyggðar og matsala nemenda verði tekin í gegn.